

HÚSÖNDIN



18.tbl. 1.árg.
6.júní 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 7-13. JÚNÍ 2018

- 7.6 *Agla Rögnvaldsdóttir, Guðrún A. Benónýsdóttir, Kjartan Þ Sigurðsson,
Unnur Þóra Jökulsdóttir*
- 8.6 *Þórunn Einarsdóttir*
- 9.6 *Arnór Helgi Knútsson, Hjörtur Jón Gylfason, Karl Óskar Hólmgeirsson*
- 10.6 *Finnur Baldursson*
- 11.6 *Gígja E Sigurbjörnsdóttir*
- 13.6 *Jóhanna Rögnvaldsdóttir, Paul Casian Petrache*



HJÓLADAGUR

Jæja nú er komið að hjóladeginum hjá Slysavarnafélaginu Hring.

Mánudaginn 11.júní ætlum við að halda hann við
Reykjahlíðarskóla kl 16:30.

Lögreglan mun mæta á staðinn og skoða hjólin.

Ætlum að grilla pylsur og hafa gaman saman.

Hlökkum til að sjá sem flesta.

S.V.D. Hringur.



SKÓLALIÐAR VIÐ REYKJAHLÍÐARSKÓLA



Skólaliða vantar við Reykjahlíðarskóla frá 15. ágúst 2018.

Um hlutastörf getur verið að ræða.

Skólaliðar eru þátttakandur í uppeldisstarfi skólans.

Þeir skulu hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum og hafa skólareglur í heiðri.

Þeir sýna nemendum skóla gott fordæmi, eru jákvæðir, heilsuhraustir, traustir og samkvæmir sjálfum sér.

Þeir starfa með nemendum í leik og starfi, sjá um þrif á skólahúsnæðinu og gegna jafnframt húsvörslu.

Þeir starfa eftir starfslýsingu fyrir skólaliða og húsvörð við Reykjahlíðarskóla.

Umsóknarfrestur er til 10. júní 2018.

Laun samkvæmt kjarasamningi Framsýnar.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Frekari upplýsingar gefur Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

Sími 464-4375

Tölvupóstur: soljon@reykjahlidarskoli

AÐALFUNDUR REYKJAHLÍÐARSÓKNAR

verður haldinn í Reykjahlíðarkirkju
fimmtudaginn 13.júní nk kl 20:30.

Dagskrá.

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Sóknarnefndin.



Siggi Bald hlaut titilinn „Snagi mánaðarins” fyrir maímánuð en Emmsjé Gauti, tónlistarmaður, afhenti bikarinn að þessu sinni. Siggi kom í 30 skipti í bað í maí en næsti á eftir honum kom í 29 skipti. Samkeppnin er áfram mikil og verður spennandi að sjá hvort að Siggi haldi titlinum þrjá mánuði í röð!

UPPSETNING, VIÐHALD OG VIÐGERÐIR

Tek að mér uppsetningu, viðhald og viðgerðir á rafeinda, tölvu, net og annarsskonar rafbúnaði. Bjallaðu á mig ef þú ert í vanda. 20 ára reynsla
Sími 8520480 Ásgeir. asgith@gmail.com



UMHVERFISSTOFNUN

Kæru sveitungar, nú er sumarvertíðin að fara af stað í landvörslu. Gestastofan hefur verið opin frá áramótum en opnunartími í sumar verður frá 8:30 – 18:00 alla daga vikunnar. Aðal markmið landvarða er að upplýsa og fræða gesti svæðisins um náttúrufar og þær reglur sem hér gilda.

Liður í þeirri upplýsingagjöf er að fara um hin friðlýstu svæði á kvöldin og beina fólki á tjaldsvæði. Á verndarsvæðinu er öll gisting utan tjaldsvæða óheimil og samkvæmt náttúruverndarlögum frá 2013 eiga húsbílar og ferðavagnar að fara á merkt tjaldsvæði til gistingar þar sem þjónusta á borð við sorpmóttöku og salernisaðstöðu er til staðar. Þó landverðir geri sitt besta að ná til allra þá má alltaf gera betur, því áréttum við á að öllum er heimilt að benda fólki á þær reglur sem gilda á svæðinu. Landverðir beina brotum til lögreglu þegar tilefni er til.

Verkefni landvarða eru fjölbreytt en eitt þeirra er að hefta útbreiðslu ágengra plöntutegunda, aðallega skógarkerfils og alaskalúpínu. Við hvetjum landeigendur til að leggja sitt af mörkum við að hefta útbreiðsluna, en plönturnar sækja mjög í sig veðrið og fara yfir þann gróður sem fyrir er á svæðunum. T.d. hefur lúpína hafið yfirreið sína um bláberjalönd við Sandvatn ytra. Ef landeigendur óska liðsinnis landvarða við að hefta útbreiðslu framandi plöntutegunda á landareignum sínum bendum við þeim á að hafa samband.

Við tökum öllum ábendingum fagnandi. Hægt er að ná í okkur í síma 464 4460, með tölvupósti á myvatn@ust.is eða einfaldlega með því að kíkja í kaffi að Hraunvegi 8.

Hafið það gott í sumar.

Arna, Davíð Örvar, Erla Diljá, Haraldur, Hilda og Hulda María
Landverðir Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit

STAÐBUNDIN MATVÆLI

Hvað er til og hvað vantar? - Aðstaða og sóknarfæri

Boðað er til umræðufundar um staðbundin matvæli í fundarsal Seiglu á Laugum í Þingeyjarsveit, **fimmtudaginn 7. júní kl. 15:00 – 17:00.**

Fundarefni :

- starfsemi Matarskemmunnar á Laugum
- þörf námskeiða/fræðslu um staðbundin matvæli
- framleiðsla og sala staðbundinna matvæla
- dreifingarleiðir innan héraðs
- útimarkaður á Húsavík í sumar
- Þingeyska Matarbúrið

Fundurinn er öllum opin. Mikilvægt að allt áhugafólk um staðbundin matvæli (local food) mæti á fundinn. Sérstaklega eru framleiðendur og ferðaþjónustuaðilar hvattir til að mæta. - Nánari upplýsingar gefur Þórarinn Egill Sveinsson, verkefnisstjóri hjá AÐ. Netfang: thorarin@atthing.is - sími: 892 3862



**Matarskemman
á Laugum**



**Búnaðarsambönd
Norður- og Suður-
Þingeyinga**



Menningarfélagið Gjallandi mun draga úr starfsemi sinni yfir sumarið. Félagið hafði legið í dvala um hríð en var endurvakið í vetur. Stjórn stóð fyrir nokkrum spennandi viðburðum, bæði opnum viðburðum og viðburðum beint að ákveðnum hópum. Stjórn stefnir ótraud á líflega dagskrá næsta vetur sem öll miðar að því að koma fólki saman og njóta þess sem lífið getur boðið upp á.

Áhugasömum er bent á heimasíðu félagsins www.gjallandi.is en þar verður upplýsingum komið á framfæri auk þess sem Húsöndin er vistuð á síðunni.



Þeim sem áhuga hafa á að gerast félagsmenn eru hvattir til að hafa samband við okkur, sjá pósthafn fyrir neðan. Stjórn mun senda út innheimtu vegna félagsgjalda á næstu vikum og verða tekjur nýttar til að standa undir menningarstarfi fyrir almenning og hópa sem fyrr.

Menningarfélagið Gjallandi minnir á að hafi fólk sögur, ljóð eða almennar hugleiðingar um tilveruna má senda þær á gjallandi@gjallandi.is og verður efni birt í Húsöndinni þegar kostur er á.

SKÚTUSTAÐAHREPPUR

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG OG BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI JARÐBAÐANNA



Þann 24. maí s.l. samþykkti sveitarstjórn Skútustaðahrepps að endurskoðuð deiliskipulagstillaga og samhliða breyting á aðalskipulagi, með breyttri afmörkun og endurskoðaðri greinargerð deiliskipulagsins, yrðu auglýstar að nýju samkvæmt 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögunum fylgir einnig umhverfisskýrsla sem er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Markmið með gerð nýs deiliskipulags er m.a. að styrkja ferðaþjónustu á svæðinu, bregðast við aðstöðuleysi, bæta möguleika til baða í jarðgufu og jarðhitavatni og tryggja gæði uppbyggingar með því að beina uppbyggingu á ákveðin svæði, leggja göngustíga o.s.frv.

Deiliskipulagið er byggt á núgildandi deiliskipulagi, en er uppfært í takt við ný lög og reglugerðir sem og þróun þjónustunnar á svæðinu. Gildandi deiliskipulag verður fellt úr gildi með samþykkt og gildistöku nýs deiliskipulags.

Samhliða er lögð fram breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem leiðrétt er uppgefið flatarmáli svæðisins en einnig er gerð breyting á landnotkun. Í gildandi aðalskipulagi er landnotkun á svæðinu samfélagsþjónusta en gerð er tillaga um að breytt landnotkun verði verslun og þjónusta.

Tillöguuppdráttir ásamt greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 8. júní til og með föstudeginum 20. júlí 2018. Þá eru tillögunar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.skutustadahreppur.is> undir Skipulagsauglýsingar (efst á forsiðu).

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 20. júlí 2018. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunar innan tilskilins frests. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: gudjon@skutustadahreppur.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögunar teljast þeim samþykkir.

Skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps.

STARFSFÓLK ÓSKAST Á LEIKSKÓLAN YL



Leikskólakennari eða aðili með sambærilega menntun óskast við leikskólann Yl í Mývatnssveit hið fyrsta. Um er að ræða 100% stöðu og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 20.júlí. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf leikskólakennara eða menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð
- Góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum skýlirði
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Einnig vantar afleysingu í 100% stöðu strax. Menntun kostur en ekki skylda.

Leikskólinn Ylur er með 32 börn. Stefna leikskólans er Lífsleikni sem byggir á dygðakennslu. Verið er að hefja innleiðingu á Heilsueflandi leikskóla, Jákvæðum aga og Karellen leikskólakerfinu svo eitthvað sé nefnt.

Mikil uppbygging í gangi og skemmtileg verkefni framundan.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 821 9404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu

Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum ásamt ferilskrá á skrifstofu

Skútustaðahrepps eða senda á netfangið ingibjorg@skutustadahreppur.is



ERU ÁLFAR KANNSKI MENN?

STEFÁN JAKOBSSON OG
LÚDRASVEIT ÞORLÁKSHAFNAR



FLYTJA LÖG EFTIR

MAGNÚS ÞÓR SIGMUNDSSON

SEM EINNIG MUN SEGJA SÖGURNAR
Á BAK VIÐ LÖGIN

8. JÚNÍ Í REYKJAHÍÐARKIRKJUNNI

Magnús Þór er einn af ástsælustu og afkastamestu lagahöfundum sem Íslendingar eiga og eftir hann liggja ófáar dægurperlurnar. Tólf þessara perla verða fluttar á tónleikunum s.s. Álfar, Jörðin sem ég ann, Ísland er land þitt, Þú átt mig ein, Ást, Ef ég gæti hugsana minna, Dag sem dimma nátt, Blue Jean Queen, o.s.frv. Magnús Þór mun kynna og segja sögurnar á bak við lögin auk þess að taka lagið.

Söngvarinn Stefán Jakobsson hefur vakið landsathygli fyrir sína einstöku og kraftmikla rödd og gert garðinn frægan með hljómsveitinni Dimmu. Fer hann frábærlega með lög Magnúsar en lögin voru sérstaklega útsett fyrir Stefán og Lúðrasveit Þorlákshafnar.



Tónleikarnir hafa verið fluttir í Reykjavík, Hveragerði og Þorlákshöfn og hlötið frábærar viðtökur - og nú er komið að Mývatnssveit - það er óhætt að lofa gæsaúð alla leið!

TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 21:00. AÐGANGSEYRIR 2.000 KR. Takið pening með, enginn posi á staðnum!

